

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2019-2020

Lærum, leikum og vinnum saman í Engidalnum

Verkefnisstjóri:

Ingibjörg María Aadnegard

Víðistaðaskóli, starfstöð Engidal

Númer samnings: UMS-85 2019-2020

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- ✓ Að auka frekar samvinnu skólastiganna og efla enn frekar læsi hjá okkur
- ✓ Að styrkja og auka faglegt samstarf leik- og grunnskóla í leik og starfi á fjölbreyttan hátt
- ✓ Að rýna í sameiginlegar niðurstöður prófa, t.d. úr Hljómi, TRAS og Leið til læsis. Hvað segja niðurstöður okkur og hvernig getum við nýtt þær best í áframhaldandi vinnu?
- ✓ Að efla lesskilning og orðaforða allra barna/nemenda í leik- og grunnskóla
- ✓ Að efla samstarf, vinnubrögð og kennslu fjöltyngdra barna

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Kennrar hittust ásamt verkefnastjóra og gerðu sameiginlega áætlun fyrir viðfangsefni 1 og 2. Verkefnastjóri útbjó síðan skipulag um framkvæmd kennslunnar, svo sem hver ætti að vera hvar hverju sinni. Í viðfangsefni 2 útbjó verkefnastjóri áætlun eftir vinnufund með kennurum.

Viðfangsefni 1

Lagt var upp með 2 kennslustundir á viku. Nemendum úr 1. bekk grunnskólans og af elstu deild leikskólans var blandað saman í fimm námshópa. Unnið var í fimm vikur og fengu kennrar alla hópana til sín í eitt skipti. Tvær vinnustöðvar voru í leikskólanum og þrjár í grunnskólanum. Unnið var með bókstafi á fjölbreyttan hátt, (sjá töflu hér að neðan).

Leik 1	Leik 2	Grunn 3	Grunn 4	Grunn 5
Hittast og fara í orð vikunnar	Hittast og fara í orð vikunnar	Hittast og fara í orð vikunnar	Hittast og fara í orð vikunnar	Hittast og fara í orð vikunnar
Vinna með stafi vikunnar	Vinna með stafi vikunnar	Vinna með stafi vikunnar	Vinna með stafi vikunnar	Vinna með stafi vikunnar
Leira stafina	Finna stafina í dagblöðum og gera hring um þá	Nota pasta til að búa til stafina og límt á stífan pappír	Skrifa stafi í bakka með grjónum	Nota gömul tímarit teikna og klippa út stafina og líma á stífan pappír
Finna forhljóð	Vinna með orðhluta	Vinna með rím	Markviss málörvun, draga til stafs	Pósthúsleikur mynd og stafir

Stafainnlögn var í upphafi vikunnar á hvoru skólastigi fyrir sig. Í sameiginlegu tímunum var svo unnið áfram með stafina. Einnig var unnið með orð vikunnar og notuð voru orð sem innihéldu stafi sem lagðir voru inn í þeirri viku. Orð vikunnar voru fengin af orðaforðalisti fyrir nemendur í leikskóla sem gefinn er út af Menntamálastofnun. Orðið var skoðað, nemendur spurðir hvort þeir vissu hvað orðið þýddi og útskýrð merking þess. Fundin voru fleiri orð úr orðinu, með því að taka orðhluta í sundur og eins nota stafi orðsins til að búa til orð. Því næst var búin til sameiginleg saga úr orðunum. Pósthúsleikur er þannig að tveir nemendur vinna saman; annar er með myndir en hinn með bókstafina. Hér þurfa nemendur

að spyrja þann sem er með myndirnar hvort hann eigi mynd (orð) sem byrjar á hljóði þess stafs sem hann er með.

Viðfangsefni 2

Í þessari vinnu var sami hópur í fjórar vikur hjá sama kennara. Unnið var með léttlestrarbókina Afmæli. Bókin lesin og útskýrð orð, unnin ýmis verkefni sem búin voru til úr texta bókarinnar. Hver tími endaði á leik, (*síða skipulag hér að neðan*).

Afmæli	
10. janúar Bókin lesin og útskýrð orð Verkefni: <ul style="list-style-type: none">= Orðasúpa= Hugtakakort (<i>afmælið mitt</i>) þyrr að vinna hugtakakortið Leikur í lok tíma: Hver er undir teppinu	17. janúar Rifja upp söguna og ríma við 5 til 10 orð úr sögumni. Verkefni: <ul style="list-style-type: none">= Orðaskuggar= Bæta við Hugtakakort Leikur í lok tíma: Að fela hlut
24. janúar Verkefni: <ul style="list-style-type: none">= Sóknarskrift= Klára Hugtakakort= Skraut fyrir afmæli Leikur í lok tíma: Stoppdans	31. janúar Verkefni: <ul style="list-style-type: none">= 1., 2 og 6= Boðskort sameiginlegt og allir í höppnum skrifa nafnið sitt undir.= Skraut fyrir afmæli. Leikur í lok tíma: Flöskustútur
28. febrúar Afmælisveisla Allir hópar saman	

Eins gerðu nemendur afmælishatta, hugtakakort og boðskort þar sem þeir buðu einum hópi í afmælisveisluna. Í lokatímanum var blásið til Afmælisveislu. Fimm stöðvar voru þann dag og fóru á nemendur á allar stöðvar. Farið var í leikina sem búið var að kenna nemendum. Einn leikur á hverri stöð og á fimmtu stöðinni var boðið upp á afmælisköku og djús.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Ekki var farið í að rýna í sameiginlegar niðurstöður t.d. úr Hljómi, TRAS og Leið til læsis hjá nemendum.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Þessi veturnar var einstakur sökum Covid 19 og var því ekki hægt að klára alla þá þætti sem lagt var upp með, eins og fræðslu um kennslu fjöldyngdra barna.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Það er ánægjulegt að segja frá því að ávinningurinn skilaði sér í meiri ánægju nemenda og fannst nemendum beggja skólastiga spennandi að fara í tímana. Samstarf kennara gekk

Verkefni stærðfræði/leikur				
Leik 1	Leik 2	Grunn 3	Grunn 4	Grunn 5
Unnið með mismunandi kubba	Form Spora, teikna lita	Tölur og myndi Lita, klippa, líma Spil og hlekkir	Talning Talnalína Einfestukubbar og tölur	Osmo tangram Tölur Telja, leira og skrifa

mjög vel, sem og nemenda. Samhliða þessari vinnu var einnig unnið með stærðfræði og leik. Samskonar fyrirkomulag var í því og í læsisvinnunni; fimm stöðvar, hist var einu skipti í mánuði í fimm skipti, 2 kennslustundir í senn (sjá töflu hér að neðan).

Ein stöð var eftir þegar Covid 19 heltist yfir og loka þurfti á milli leik- og grunnskóla en eftir að opnað var aftur náðum við að klára þetta verkefni.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

- Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Á heildina litið tókst verkefnið mjög vel og féll vel að vinnu beggja skólastiga. Þar sem leikskólinn Álfaberg er einnig með stafainnlögn fyrir sína nemendur var auðvelt að ákveða saman í hvaða röð stafirnir voru lagðir inn.

Í verkefnavinnunni þar sem unnið var í þórum var leitast til að hafa nemendur af sitt hvoru skólastiginu saman með það að leiðarljósi að nemendur kynntust. Eins var lögð áhersla á að hafa vinnustöðvarnar á báðum starfstöðvum til að auðvelda verðandi nemendum 1. bekkjar að hefja skólagöngu í haust. Það veitir þeim öryggi að þekkja eldri nemendur og vera búin að kynnast skólahúsnaðinu áður en þau byrja í grunnskólanum í haust.

Niðurstöður verkefnisins

- Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Erfitt er að fullyrða um hvort markmiðin hafi náðst, en lestrarframfarir nemenda í 1. bekk í vor benda eindregið til þess. Sú fjölbreytta læsisvinna sem farið var í þar sem unnið var með alla þætti læsis skilað sér í þeim árangri á Lesfimiprófi í maí, að enginn nemandi var undir viðmiði 1. Það verður áhugavert að fylgjast með verðandi nemendum í 1. bekkjar og sjá hvort þessi vinna hafi einnig skilað sér hjá þeim, m.a. í þekkingu á bókstöfunum.

Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Að öllum líkindum munum við halda áfram að vinna saman að þessu verkefni og styrkja og efla samvinnu á milli skólastiganna enn frekar.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Áætlað er að kynna verkefni í haust á tengiliðafundi læsis í leik- og grunnskólum í Hafnarfirði.

Dagsetning:

11/6 2020

Undirskrift verkefnisstjóra



Gunnlaugur Kristmann

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla